

Sæl verið þið

Sendi hér uppfærða fundargerð.

Í fundargerðinni kom m.a. fram að við mundum svara Rauðukömbun innan tveggja vikna. Erindi þeirra var tekið fyrir með yfirstjórn hjá UST í dag og niðurstaðan er þessi fyrst og fremst að stofnunin tekur jákvætt í þessa hugmynd og Óli sviðsstjóri hefur boðað fund með ráðuneytinu um mögulega aðkomu stofnunarinnar að þessu. Í framhaldinu mun þá líklega ráðuneytið óska eftir fundi með mennta og menningarmálaráðuneytinu. Ef áhugi er fyrir þessu hjá ráðuneytinum þá leggur UST til að sótt verði um fjármagn í Landsáætlun til að gera svo kallaða forkönnun á þessu verkefni. Við erum að gera svoleiðis með uppbyggingu þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum og FSR sér um þá vinnu. Hún fellst í eftirfarandi:

1. **Forathugun** (fyrrri hluti frumathugunar)

Forathugun á húsnæði fyrir umrædda starfsemi: Móttaka fyrir gesti Ruaðukamba, tjaldsvæðis Skógræktarinnar, upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, gestastofa um náttúruminjar, menningarminjar, skógrækt og vatnsaflsvirkjanir.

Innifalið er m.a. undirbúningur og umsjón með verkefninu, öflun nauðsynlegra gagna, gerð þarfagreiningar og húsrýmisáætlunar, skoðun lausna, mat á hagkvæmni og áhættu lausna, samanburður lausna o.fl. Ákveðin lausn rökstudd og valin til nánari skoðunar.

Haldnir eru fundir með hagsmunaaðilum, aðstæður skoðaðar, gögn rýnd, upplýsinga aflað frá hinum ýmsu aðilum sem tengjast verkefninu o.fl.

2. **Frumáætlun** (seinni hluti frumathugunar)

Forsendur valinnar lausnar skoðuð nánar. Frumuppdrættir rýndir. Kostnaðaráætlun gerð.

Frumathugunarskýrsla gerð og kynnt verkkaupa. Fundir með verkkaupa, gerð fundargerða, samráð viðeigandi aðila. Kostnaðaráætlun gerð og rekstrarform metin.

Umhverfisstofnun leggur því til að þetta verið næsta skref í erindi Ruaðukamba að sækja um í Landsáætlun að láta gera forkönnun á þessu samlegðar verkefni áður en lengra er haldið.

Minjastofnun er einnig búin að taka þetta fyrir og Ásta sendi mér eftirfarandi:

„Við erum búin að taka fyrir erindi Rauðukambsmanna innan stofnunar og það fær jákvæða afgreiðslu frá okkur inn í svarbréf samstarfshópsins. Helstu mikilvægu atriðin hvað okkur varðar er að engar þekktar minjar virðast vera í hættu vegna framkvæmda á þessum stað (með fyrirvara um endanlega staðsetningu og skráningu minja á þeim stað) og að byggingin yrði til hlés við minjar í dalnum, þ.e. ekki of nálægt þeim eða yfirgnæfandi. Það er mjög jákvætt að fá gestastofu á svæðið, eins og rætt hefur verið um í áratugi, og er líklegt að þessi leið sé besta lausnin eins og staðan er í dag.

Minjastofnun mun einnig svara erindinu formlega frá sínum bæjardyrum séð (Uggi fékk bréfið líka sent til afgreiðslu) þar sem staðsetningin sem lögð er til er innan friðlýsts menningarlandslags dalsins.

Hvað segið þið hjá sveitarfélaginu og Skógræktinni?

Bestu kveðjur, Best regards

Hákon Ásgeirsson

Teymisstjóri, Team leader

Svið Náttúru, hafs og vatns, Department for Nature conservation, Ocean and Water



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: <http://www.ust.is>

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: <http://www.ust.is/disclaimer>

